

Alþingi - Umhverfis og samgöngunefnd

Þórshamri
150 REYKJAVÍK

Efni:

Umsögn við drög að breytingu á umferðalögum vegna bílastæðagjalda

Meðfylgjandi er umsögn við drög að breytingu á umferðarlögum. Bílastæðasjóður telur framlagðar breytingatillögur mikilvægar og tímabærar fyrir sveitastjórnir sem og ráðherra. Með auknum ferðamannafjölda eykst þörfin á betri aðkomu og aðbúnaði við ferðamannastaði og þar geta bílastæðagjöld sannarlega stutt við uppbyggingu á svæðinu. Undirrituð hefur fengið fyrirspurnir frá sveitastjórnnum og ferðamannastöðum um leiðir til gjaldskyldu og reynt að leiðbeina eftir bestu getu, þessi breyting svarar eftirspurn um færar leiðir. Þessar breytingatillögur hefur undirrituð oft rætt við Guðbrand Sigurðsson aðalvarðstjóra umferðadeildar LRH og erum við sammála um þörf á þessum breytingum.

Í fyrri drögum að breytingu umferðalaga voru komnar inn breytingatillögur sem telja má mikilvægar hvort heldur sem í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni og tengist m.a. fjölgun ferðamanna þar. Telja má að einfaldast verði að gera eftirfarandi breytingu á umferðalögum í stað þess að breyta einstaka ákvæði:

Leggja má stöðubrotsgjald á vegna stöðubrota sem kveðið er á um í 7., 27., 28., 81., og 83. gr.

Hér að neðan eru tiltekna breytingar með rauðu til glöggvunar.

Í 7. gr. er fjallað um vistgötur. Þar þyrfti að bæta inn 4. mgr. sem snýst um að eigi megi leggja ökutækjum nema á sérstaklega merktum svæðum.

Vistgötur.

■ **7. gr.** Ákvæði greinar þessarar gilda um umferð á svæði, sem afmarkað er með sérstökum merkjum, sem tákna vistgötu.

□ Heimilt er að dveljast og vera að leik á vistgötu. Þar ber að aka mjög hægt, að jafnaði eigi hraðar en 15 km á klst. Ef gangandi vegfarandi er nærri má eigi aka hraðar en á venjulegum gönguhraða.

□ Ökumaður skal sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum.

Gangandi vegfarandi má eigi hindra för ökutækis að óþörfu.

□ **Eigi má leggja ökutækjum nema á sérstaklega merktum stæðum.** Ákvæði þetta gildir eigi um reiðhjól.

Hvað varðar 1. mgr. 27. gr. er skv. Guðbrandi Sigurðssyni aðalvarðstjóra mjög matskennd og

ætti að vera mat lögreglumanna á vettvangi hvort þeir láta duga að nota stöðubrotagjald samkvæmt 108. gr. og eða kallar til kranabifreið á staðinn til brotflutnings ef staða ökutækis veldur hættu eða óþægindum. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. er kveðið á um að ekki megi leggja öfugt miðað við akstursstefnu „A vegi má einungis stöðva ökutæki eða leggja því hægra megin.“ Guðbrandur Sigurðsson trúir því að ef breyting yrði gerð þá tæki það lögreglu og Bílastæðasjóð ekki nema nokkar vikur að venja ökumenn af þeim leiða ávana að leggja öfugt miðað við akstursstefnu.

Stöðvun ökutækis og lagning þess.

■ **27. gr.** Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á þeim stað eða þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferðina.

□ A vegi má einungis stöðva ökutæki eða leggja því hægra megin. Þar sem einstefnuakstur er, má þó setja aðrar reglur, sbr. 2. mgr. 81. gr. Utan þéttbýlis má stöðva ökutæki eða leggja því vinstra megin, ef nauðsyn krefur vegna sérstakra aðstæðna. Stöðva skal ökutæki eða leggja því við ystu brún akbrautar og samhliða henni eða utan hennar, ef unnt er.

□ Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á gangstétt eða gangstíg, nema annað sé ákveðið, sbr. 2. mgr. 81. gr. Sama á við um umferðareyjar og svipaða staði.

□ Þegar ökumaður yfirgefur vélknúid ökutæki skal hann stöðva vél þess og búa svo um að það geti ekki runnið sjálfkrafa eða aðrir látið það fara af stað.

□ Opna skal dyr ökutækis þannig, að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við, þegar farið er í eða úr ökutæki, svo og við fermingu og affermingu.

Efni fyrri hluta 28. gr. eiga rauðmerktu atriðin aðallega við lögregluna og d., e og g. liður sér í lagi utan höfuðborgarsvæðisins. Hvað varðar seinni hluta 28. gr. um að eigi megi leggja ökutæki þá eru b., c., d., og -e. mikilvæg, sér í lagi e. liður sem snýr að vatnshana slökkviliðs. Almennungi hefur þótt það einkennilegt að sjá stöðuverði ganga framhjá slíku broti án þess að leggja stöðubrot á ökutæki sem leggur þar en skrifa svo stöðubrot á bíl rétt hjá sem er á gangstétt.

■ **28. gr.**

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því:

a. á gangbraut eða í minna en 5 metra fjarlægð áður en að henni er komið,

b. á vegamótum eða í minna en 5 metra fjarlægð frá næstu brún akbrautar á þvervegi,

c. þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós.

d. í göngum eða undir brú.

e. í eða við blindhæð eða beygju eða annars staðar þar sem vegsýn er skert.

f. þar sem akbraut er skipt í akreinar með hindrunarlínu eða svo nálægt slíkri línu að torveldi akstur inn á rétta akrein.

g. á hringtorgi.

h. á merktu staði fyrir leigubifreiðir til mannflutninga ..., ¹⁾

i. í minna en 15 metra fjarlægð frá merki fyrir biðstöð hópibifreiða,

[j. á merktu staði fyrir bifreiðir [fatlaðs fólks]. ²⁾ ¹⁾

□ **Eigi má leggja ökutæki:**

a. á brú.

b. þar sem ekið er að eða frá húsi eða lóð eða þannig að torveldi akstur þangað eða þaðan.

c. við hlið ökutækis, sem stendur við brún akbrautar, annars en reiðhjól, létts bifhjól eða bifhjól.

d. þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum, og

e. við vatnshana slökkviliðs.

[Gjald vegna stöðvunarbrotá ...¹⁾²⁾

¹⁾L. 65/2008, 2. gr. ²⁾L. 84/2004, 10. gr.

■ **108. gr.**

Leggja má gjald á vegna brota á:

a. ákvæðum 4. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 27. gr.,

b. ákvæðum [a-, b-, h-, i- og j-liða]¹⁾ 1. mgr. 28. gr.,²⁾

c. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem gefið er til kynna með umferðarmerki,

d. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem sett er skv. 81. gr., enda þótt bannið sé ekki gefið til kynna með umferðarmerki,

e. öðrum ákvæðum um stöðvun eða lagningu, sem sett eru skv. 81. gr. eða 1. mgr. 83. gr., og

f. reglum um notkun stöðureita skv. 2. mgr. 83. gr.

[g. ...³⁾ ⁴⁾

Gjaldið skal lagt á með skriflegri tilkynningu, sem fest skal við ökutækið eða afhent ökumanni.

Lögreglan annast álagningu og innheimtu gjalds skv. 1. mgr. [Ráðherra]⁵⁾ getur ákveðið, að á tilteknum svæðum fari álagning [gjalds skv. a–f-lið 1. mgr.],⁴⁾ að öllu leyti eða að hluta, fram með aðstoð sérstakra stöðuvarða. [Hann getur og ákveðið, að ósk sveitarstjórnar, að álagning og innheimta [gjalds skv. a–f-lið 1. mgr.]⁴⁾ fari, að öllu leyti eða að hluta, fram á vegum sveitarfélagsins.⁶⁾ Rennur gjaldið þá í sveitarsjóð og skal því varið til að gera og reka bifreiðastæði og bifreiðageymslur til almenningsnota.]²⁾

Ákvörðun um álagningu gjalds verður ekki borin undir æðra stjórnvald.

[[Ráðherra]⁵⁾ ákveður fjárhæð gjaldsins.⁷⁾ Fari álagning fram á vegum sveitarfélags getur sveitarstjórn þó ákveðið fjárhæðina í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.⁸⁾ Verði á lagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests hækkar það um 50%.

[Ráðherra]⁵⁾ setur nánari reglur⁹⁾ um hvernig gjaldið skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest. Má þar ákveða að á lagt gjald, sem eigi er greitt innan nánar tiltekings frests, hækki um 100%.]

²⁾

Þessu ákvæði sinna stöðuverðir sveitarfélaga eingöngu ekki lögreglan.

■ **83. gr.** [Ráðherra]¹⁾ getur ákveðið, að þar sem heimild til lagningar ökutækja er tímabundin, megi því aðeins leggja ökutæki að notuð skuli sérstök stöðukort. Ráðherra setur reglur um stöðukort og notkun þeirra.

Í kaupstað eða kaupþúni er sveitarstjórn heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

Auk þess mætti að mati Guðbrands Sigurðssonar bæta inn tengingu við umferðarkafla reglugerðar um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007 19. gr. sem eru rauðmerkt

Umferðarkafli reglugerðar um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007:

III. KAFLI

Um ökutæki, umferð o.fl.

19. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Á götum má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum nema með leyfi lögreglustjóra.

Bannað er að leggja ökutæki á gangstéttum. Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum sveitarstjórnar, veitt undanþágu frá ofangreindu.

Vörubifreiðum sem eru 5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og fólksflutninga bifreiðum sem flytja mega 10 farþega eða fleiri má ekki leggja á götum eða almennings bifreiðastæðum nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og

dráttarvételar án tillits til bunga beirra. Sveitarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt.

Á þetta ákvæði hefur aldrei reynt að mínu viti (Guðbrandur Sigurðsson) enda hefur aldrei komið erindi í þessa átt til lögreglustjóra frá sveitarstjórn um formreglu 81. gr. umfl. Ekki er um að ræða geðþótta ákvörðun lögreglumanna hverju sinni að mínu viti og því þarf að virkja þetta ákvæði með tillögu sveitarstjórnar um samþykki lögreglustjóra og opinberri auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu. Ef þetta ákvæði yrði virkja samkvæmt formreglu væri heimilt að nota stöðubrotagjald samkvæmt 108. gr. umfl. vegna uppsetningar umferðarmerkja og eða án merkja ef bann er ekki bundið við ákveðinn vegarkafla.

Lögreglustjóri getur bannað stöðu eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, hjólhýsa, dráttarkerra, báta og þess háttar tækja sem og húsbíla, á götum og almennum bifreiðastæðum sem þykja valda óþægindum, óþrifnaði eða hættu.

Heimilt er að undangenginni viðvörðun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum, að flytja burtu og taka í vörslu sveitarfélags ökutæki sem standa án skráningarnúmera á lóðum við almannafæri, götum og almennum bifreiðastæðum. Sama gildir um ökutæki sem skilin eru eftir á opnum svæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og skal hann bera kostnað vegna flutnings og vörslu ökutækisins.

Það er skoðun Guðbrands að öll ákvæði um umferð eigi að vera í umferðarlögum en ekki lögreglusamþykktum enda úrræði lögreglu til eftirfylgni við reglugerir um lögreglusamþykktir afar flókin og tímafrek ef ekki ómöguleg í framkvæmd auk þess sem að borgarinn hefur sjaldnast tengingu við lögreglusamþykktir eða þekkingu um þær að mínu viti enda ákvæði um umferð sem þar eru ekki kennd við ökuþróf svo ég viti til.

Það er von undirritaðrar að ofangreind atriði verði tekin til greina til viðbótar við þær breytingar á umferðalögum sem til stendur að leggja fram á þessu þingi.

Með vinsemd og virðingu

Kolbrún Jónatansdóttir

framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs